

# Hönnun og smíði 9.bekkur

Kennarar: Nanna Björk Bárðardóttir

9

Skólaárið

2023-2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Nemendur vinna samþáttað lokaverkefni í list- og verkgreinum sem kallast „borð fyrir einn“

Verkefnið samanstendur af kökuspaða, kökudisk og dúk/diskamottu og er það unnið í hönnun- og smíði, myndmennt og textílmennt.

Í lok skólaársins er stefnt að því að bjóða forráðamönnum á sýningu á lokaverkum nemenda.

Nemendur þjálfast í að:

- teikna upp hugmyndir sínar og vinna út frá þeim á sjálfstæðan og skapandi hátt.
- sýna rétta og ábyrga notkun áhaldna og véla.
- beita líkamanum rétt við vinnu sína og ganga vel um smíðastofuna.
- Nemendur hanna og smíða kökuspaða úr messing og fullvinna með poleringu. Skrá heiti efnis og verkfæra í ferilmöppu.
- Nemendur ganga frá eigin vinnusvæði í lok kennslustundar.
- Kennslan er byggð á sýnikennslu, hugmyndavinnu, sköpun og verklegum æfingum.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

- Kennt er í fjórum lotum 1x60 mínútur á viku.
- Hver lota er uppbyggð á sama skipulagi en áherslur geta verið ögn mismunandi eftir hópum og nemendum.
- Verkefni geta breyst með litlum fyrirvara.

## Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

## Námsmat

Námsmat er byggt á símati kennara á námsmarkmiðum og lykilhæfni nemanda.

## Námsgögn

Messing, verkfæri og yfirborðsefni sem hæfa markmiðum og verkefni nemenda.

AS Hönnun og smíði 9. bekkur 2019 - 2024

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

AS Hönnun og smíði 9. bekkur 2019 - 2024 - Lykilhæfni

- fer eftir fyrirmælum
- er sjálfstæður í vinnu

AS Hönnun og smíði 9. bekkur 2019 - 2024 - Handverk

- sýnt rétta og ábyrga notkun áhalda og véla

AS Hönnun og smíði 9. bekkur 2019 - 2024 - Hönnun og tækni

- tjáð sig með vinnuteikningu
- unnið eftir ferli frá hugmynd til afurðar á sjálfstæðan og skapandi hátt

AS Hönnun og smíði 9. bekkur 2019 - 2024 - Umhverfi

- sýnt réttar vinnustellingar og góða umgengi